



**STARFSSKÝRSLA
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

**MILLI AÐALFUNDA
Á AKUREYRI 2015
OG DJÚPAVOGI 2016**

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI	2
ÚTGÁFUMÁL	3
SKÓGRÆKTARRITID	3
LAUFBLAÐID	3
FRÆKORNID	3
TÆKIFÆRISKORT	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	3
HEIMASÍÐA	3
FRÆÐSLUSTARF	3
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	4
AÐALFUNDUR 2015	4
<i>Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015</i>	5
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGARGEIRANS	9
RÁÐSTEFNA UM BÆJARSTAÐARSKÓG.....	9
SKÓGRÆKTARSVÆÐI	9
BRYNJUDALUR	9
ÚLFLJÓTSVATN	9
UMSJÓN	10
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR	10
OPINN SKÓGUR.....	10
VINASKÓGUR	11
TRÉ ÁRSINS	11
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR.....	11
KOLVIÐUR.....	11
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS.....	12
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU	12
SKÓGRÆKTARSTARF LANDSVIRKJUNAR VIÐ BÚRFELL	12
ERLEND SAMSKIPTI	13
EUROPEAN FOREST NETWORK	13
FRÆÐSLUFERÐIR	13
ÝMIS VERKEFNI	14
FAGRÁÐ SKÓGRÆKTAR	14
SJÁLFBODALIÐAR – EUROPEAN VOLUNTEER SERVICE	14
GLOBAL RELEAF STYRKUR	15
UMSAGNIR	15
ÞAKKIR	16
SAMSTARFSADILAR	16
STUÐNINGSAÐILAR	16

Ljósmyndir í skýrslu:

Brynjólfur Jónsson, Einar Gunnarsson, Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Reykjavík, ágúst 2016

INNGANGUR

Verkefni Skógræktarfélags Íslands eru margvísleg. Sum verk eru unnin reglulega á hverju ári, sum verkefni koma upp á nokkurra ára fresti og inn á milli kemur upp verkefni eitt tiltekið ár og svo ekki meir. Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem félagið hefur fengist við frá aðalfundi á Akureyri 2015.

STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2015 voru Guðbrandur Brynjúlfsson og Þuríður Yngvadóttir endurkjörin í stjórn. Varamenn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Sigríður Heiðmundsdóttir og Laufey B. Hannesdóttir. Sem skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Magnús Gunnarsson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Guðbrandur Brynjúlfsson, Páll Ingbór Kristinsson og Þuríður Yngvadóttir meðstjórnendur. Stjórnin hélt tíu fundi á tímabilinu. Eins og verið hefur voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands.

Hjá félaginu störfuðu fimm fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógræktarfræðingur og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Tveir lausráðnir starfsmenn voru hjá félaginu á tímabilinu; Gabriel Pic sem vann með sjálfboðaliða og Sigurður Skúlason, sem vann að samningamálum Landgræðsluskóga.

Stjórn félagsins og starfsmenn leitast eftir megni að styrkja starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og hefur eftir föngum fylgst með starfsemi félaganna.



Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands á vinnufundi um stefnumótun fyrir félagið.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2015	2014
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	41.491.339	36.503.367
Rekstrargjöld	37.789.008	37.488.176
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	3.702.331	(984.809)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.459.267)	(4.526.003)
Hagnaður (tap) ársins	1.243.064	(5.510.812)
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	190.545.361	190.106.272
Veltufjármunir	27.802.271	18.415.339
Eignir samtals	218.447.632	208.621.611
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	145.948.845	108.048.092
Skammtímaskuldir	37.706.599	34.104.769
Eigið fé og skuldir samtals	218.447.632	208.621.611
Eignir í bundnum sjóðum	56.996.799	86.302.900



Jón Ásgeir Jónsson við könglatíslu í Danielslundi í Borgarfirði.

ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2015 kom út í desember 2015 og 1. tbl. 2016 kom út í maí á þessu ári. Askrifendur eru nú rúmlega 2.300. Skógræktarritið er með eigin síðu á Facebook.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út þrjú tölublöð Laufblaðsins – í nóvember 2015, í mars 2016, á alþjóðlegum degi skóga og í ágúst 2016. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang. Efnt var til netfangaleiks meðal félagsmanna í tengslum við útsendingu félagsskírteina, til að hvetja félagsmenn til að skrá netfang sitt, og voru þrír vinningshafar dregnir út þann 15. maí.



Forsíða 1. tölublað Laufblaðsins 2016.

Heimasíða

Félagið hélt úti heimasíðunni www.skog.is á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um félagið og einstök skógræktarfélög, auk þess sem birtar eru fréttir frá skógræktarfélagunum og fréttir um ýmsa skógartengda viðburði. Félagið er einnig með síðu á Facebook. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er um 2.950.

FRÆDSLUSTARF

Félagið lagði sem fyrr áherslu á fræðslu- og leiðbeiningastarf fyrir almenning. Fulltrúar félagsins sátu fyrir svörum við ýmis tilefni. Félagið stóð einnig, í samstarfi við Útilífsmiðstöð skáta Úlfljótsvatni, fyrir skógræktarnámskeiði fyrir krakka í júlí.

Eins og áður voru fulltrúar félagsins í samskiptum við mörg skógræktarfélög, með formlegum heimsóknum, mætingu á viðburði hjá félögum, og með símtölum og tölvupóstum.

Frækornið

Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var Skógarfuglar (nr. 34). Höfundur þess var Jón Ásgeir Jónsson.

Tækifæriskort

Félagið gaf út kort með mynd eftir Ágúst Bjarnason og prýddi sú mynd einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2015.

Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu þrettán fyrirtæki félagsmönnum 10-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Blómaval, Garðheimar, Garðyrkjustöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Barri, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Náttthagi garðplöntustöð, Skógræktarstöðin Ölur og Sólskógar.

FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

Aðalfundur 2015

80. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Akureyri dagana 14. – 16. ágúst 2015. Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, víðs vegar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Eyfirðinga.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Magnús fór stuttlega yfir starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi og minntist félag og velunnara félagsins sem fallið höfðu frá. Aðrir á mælendaskrá voru Ólafur Thoroddsen, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, Jón Loftsson skógræktarstjóri og Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrarbæjar.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn níu tillögur að ályktunum. Þeim skógræktarfélögum, sem áttu tugaafmæli á árinu 2015, voru færðar árnaðaróskir og voru fulltrúar frá tveimur félögum, Skógræktarfélagi Ísafjarðar og Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar, mættir til að taka við þeim fyrir hönd síns félags.

Farið var í tvær vettvangsferðir. Á föstudeginum var byrjað á því að halda til Siglufjarðar, þar sem skógurinn í Skarðdal var formlega opnaður sem Opinn skógur, en að heimsókn þar lokinni var haldið í Hánefsstaðaskóg. Vettvangsferð laugardagsins hófst í Gömlu Gróðrarstöðinni og var svo farið þaðan í Kjarnaskóg.



Fundargestir á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Akureyri 2015 gæða sér á forláta sveppasúpu í Kjarnaskógi.

Eftirfylgni við ályktanir aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2015

Ályktunum aðalfundarins á Akureyri hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir þeim tilmælum til forsætisráðuneytis að gerður verði samstarfssamningur um skógrækt og landgræðslu innan svæða þjóðlenda á landinu þannig að þjóðlendurnar geti nýst skógræktarfélögunum til landgræðslu og skógræktar.

Fundurinn telur að innan marka þjóðlenda sem vistaðar eru í forsætisráðuneyti séu landspildur sem ákjósanlegar eru til skógræktar.

Ályktunin var send til menntamálaráðuneytisins, Ríkiseigna og forsætisráðuneytisins.

Ályktun 2:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir þeim tilmælum til aðildarféлага Skógræktarfélags Íslands að ef minjar leynast í eldri skógum skógræktarfélaganna verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til varðveislu og merkingar þeirra. Minjar í skógum auka á útivistargildi skóganna.

Við gróðursetningar í nýskógrækt er gert ráð fyrir að vernda minjar og planta ekki of nærri þeim sbr. Skógrækt í sátt við umhverfið.

Ályktunin var send með hvatningu á formenn allra skógræktarféлага.



Félagar í Skógræktarfélaginu Dafnar heimsækja Skógræktarfélag Íslands í skóginum í Brynjudal í Hvalfirði.



Gestir frá bandaríska sendiráðinu gróðursetja á Úlfjótssvatni í ágúst 2015.

Ályktun 3:

Aðalfundur Skógræktarfélag Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, beinir því til stjórnar Skógræktarfélags Íslands að við mótun nýrrar stefnu félagsins verði þær samþykktir aðalfunda, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum, teknar til skoðunar og árangur þeirra metinn.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hóf vinnu við endurskoðun á stefnumótun félagsins. Haldnir voru tveir fundir þar sem stjórn og starfsmenn unnu eingöngu að stefnumótunarvinnunni. Á seinni fundinum var þátttakendum skipt í fjóra hópa sem tóku að sér ákveðna málaflokka til frekari úrvinnslu. Ekki gafst tími til að klára þessa vinnu en fyrirhugað er að taka upp þráðinn á haustdögum og kynna svo nýja og endurskoðaða stefnu félagsins á næsta Aðalfundi félagsins sem haldinn verður í Þingeyjarsýslu.

Ályktun 4:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri dagana 14. – 16. ágúst 2015, hvetur til þess að unnið verði að nýju stórataki við gerð skjólskóga undir Hafnarfjalli og jafnvel víðar á leiðinni Reykjavík-Borgarfjörður, til að tryggja betur umferðaröryggi.

Málinu var vísað til Skógræktarfélags Borgarfjarðar sem hefur hafið viðræður við landeigendur og hagsmunaaðila svo sem sveitarfélög og Vegagerðina. Skógræktarfélag Borgarfjarðar vinnur áfram að viðgangi verkefnisins en félagið fékk styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu sem notaður verður til þess að fylgja því eftir.

Ályktun 5:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri, 14. – 16. ágúst 2015, lýsir ánægju sinni með metnaðarfullt samkomulag Sameinuðu þjóðanna sem nýlega var kynnt.

Samkomulaginu er ætlað að tryggja sjálfbæra þróun og útrýma fátækt á jörðinni til frambúðar ekki síðar en árið 2030. Samkomulagið ber yfirskriftina „Að breyta heiminum: Áætlun um sjálfbæra þróun 2030“.

Fundurinn lýsir sérstakri ánægju með markmið samkomulagsins er lýtur að verndun skóga, efldri nýgræðslu skóga og stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar, en það er markmið nr. 15 sem hljóðar svo: „Vernda og endurhæfa vistkerfi og hvetja til sjálfbærrar nýtingar á landvistkerfum, nýta skóga með sjálfbærum hætti og vinna gegn auðnamyndun. Stöðva og snúa við landhnignun og stöðva eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni“. Hvetur fundurinn íslensk stjórnvöld til að lögfesta samkomulagið og til aðgerða innanlands á þessu sviði.

Ályktunin var send til forsætis- og umhverfisráðuneytisins.

Ályktun 6:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri, 14. – 16. ágúst 2015, minnir stjórnvöld á nauðsyn þess að setja ríkari skorður við lausagöngu búffár og að nýta skóggræðslu í stórauðnum mæli sem varanlega aðgerð í landgræðslu.

Hugmyndir voru uppi um að halda sameiginlega ráðstefnu með samtökum sauðfjárbænda. Þau áform dögðu uppi eftir allnokkrar þreifingar um tímasetningar og hvar ætti að halda slíka ráðstefnu. Einna helst kom til greina að halda hana í Borgarfirði en frekari ákvörðun um framhald hefur ekki verið tekin.



Sigurður Skúlason og Einar Gunnarsson huga að girðingum á Úlfjótssvatni.

Ályktun 7:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, ályktar að félagið standi á komandi vetri fyrir ráðstefnu um gildi niturbindandi tegunda fyrir landgræðslu og skógrækt í því skyni að endurheimta þau landgæði sem farið hafa forgörðum frá landnámi og auka fjölbreytta möguleika landnýtingar á Íslandi.

Hugmyndir voru uppi um að halda ráðstefnu um gildi niturbindandi tegunda og ákveðið að halda hana í Þorlákshöfn. Undirbúningsnefnd var skipuð til að fylgja málinu eftir og er stefnt að því að ráðstefnan verði haldin í byrjun næsta árs.

Ályktun 8:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, fagnar því að unnið er að gerð nýrra skógræktar- og landgræðslulaga. Jafnframt fagnar fundurinn þeirri skoðun á sameiningu þess hluta skógræktargeirans sem tilheyrir ríkinu í eina stofnun og endurskoðun á hlutverki og starfssviði þeirrar ríkisstofnunar sem annast landgræðslu. Stjórn Skógræktarfélags Íslands mun fylgjast náið með þeirri vinnu sem framundan er og telur að aðkoma félagsins í mótun nýrrar skógræktar- og landgræðslustefnu sé afar mikilvæg.

Ályktunin var send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins auk þess sem formaður og framkvæmdastjóri fylgdu henni eftir með fundi með Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra.



Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands í heimsókn til Skógræktarfélags Rangæinga, í skóginum í Bolholti.

Ályktun 9:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akureyri 14. – 16. ágúst 2015, hvetur umhverfisráðherra og ríkisstjórn til að vinna áfram að því markmiði að stórefla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg. Er þá vísað til þeirrar tillögu til þingsályktunar sem samþykkt var samhljóða á hinu háa Alþingi árið 2014 sem fjallaði m.a. um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnslueininga. Með vísan til markmiða samþykkrar þingsályktunartillögu og þeirrar afstöðu Alþingis að stórefla beri skógrækt í landinu, samþykkir Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands að beina þeirri áskorun til umhverfisráðherra, ríkisstjórnar Íslands og þingmanna að hlutast til um að veita stórauðni fé til skógræktar, þar sem samhliða er gerð krafa um aukna arðsemi og skilvirkni í greininni.

Ályktunin var send til forsætis-, fjármála- og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Unnið hefur verið með umhverfis – og auðlindaráðuneytinu að því að koma á fót verkefni sem snýr að því að kanna forsendur þess að laða að fjárfesta til að fjármagna skógrækt á Íslandi.

Fagráðstefna skógargeirans

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógargeirans sem haldin var á Patreksfirði í mars á þessu ári.

Ráðstefna um Bæjarstaðarskóg

Í tilefni þess að 80 ár voru liðin frá friðum Bæjarstaðarskógar stóð félagið fyrir ráðstefnu um og ferð til Bæjarstaðarskógar í lok september. Var ráðstefnan haldin í Freysnesi.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Brynjudalur

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáræktunar í Brynjudal. Seld voru 1.060 jólatré úr skóginum, þar af 220 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskóginum um helgar á jólaföstu. Unnið var að umhirðu og grisjun. Gróðursettar voru 4.000 rauðgreniplöntur. Lagðir hafa verið göngustígar um skógin og voru þeir kurllagðir í sumar og bætir það mjög aðgengi um skógin og léttir umhirðu.



Jólasveinar skemmta ungvíðinu í Jólaskóginum í Brynjudal í Hvalfirði.

Úlfljótsvatn

Sameignarfélagið Úlfljótsvatn sf. hefur haldið allmarga fundi en í félaginu sitja tveir fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands og tveir frá skátahreyingunni. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfljótsvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna

eignarréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Lokið er þinglýsingu og skráningu á öllum landnúmerum á Úlfjótsvani. Þá hefur samstarfi við Kapólsku kirkjuna á Íslandi verið slitið en fyrirhugað var að stofna klausturreglu á Úlfjótsvatni.

Starfsfólk og gestir frá Sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi kom í gróðursetningarferð til Úlfjótsvatns í lok ágúst 2015. Önnur gróðursetningarferð sendiráðsins var farin í júlí 2016 og var hún skipulögð til að hópur bandarískra skáta, er tóku þátt í alþjóðlegu skátamóti á Úlfjótsvatni þá, gætu verið með. Auk bandarísku skátanna komu fleiri skátar af mótinu, en alls voru um 100 manns sem tóku þátt og voru settar niður um 3.000 plöntur.

Skrifað var undir leigusamning við Kolvið um 185 hektara landsspildu undir Kolviðarskóg. Unnið er að gerð skógræktaráætlunar og verksamnings um skógræktarframkvæmdir.

Mikið verk er framundan við endurnýjun fjárheldrar girðingar um jörðina.



Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra ávarpar gesti við opnun Opna skógarins í Skarðdal í Siglufirði í ágúst 2015.

UMSJÓN

Landgræðsluskógar

Samráðsnefnd um Landgræðsluskóga er Skógræktarfélagi Íslands til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Í nefndinni sitja Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Þröstur Eysteinnsson frá Skógræktinni, Björn Helgi Barkarson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og frá Skógræktarfélagi Íslands eru Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Opinn skógur

Skógurinn í Skarðdal á Siglufirði var formlega opnaður sem fimmtándi Opni skógurinn á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2015. Unnið hefur verið að almennu viðhaldi í skógunum. Í lok júní var undirritaður samningur við Icelandair Group, um styrk til verkefnisins og gildir

hann til 2018. Ákveða þarf næstu skref varðandi opnanir nýrra skóga og er leitað til aðildarféлага með tillögur í því sambandi.

Vinaskógur

Unnið hefur verið að endurnýjun upplýsingaskilta og gerð áætlunar um viðhald og umhirðu. Fyrir liggur að kynna skóginn fyrir nýjum forseta.

Tré ársins

Tré ársins 2015 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn þann 26. september síðast liðinn. Að þessu sinni var um reynivið (*Sorbus aucuparia*) að ræða, í Sandfelli í Örafum. Tré ársins 2016 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn þann 24. ágúst síðast liðinn. Það tré var alaskaösp (*Populus balsamifera ssp. trichocarpa*) að Garðastræti 11a í Reykjavík.



Í Bæjarstaðarskógi, í ferð í tengslum við ráðstefnu um skóginn.

Landgræðslusjóður

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Úthlutað var 26,8 milljónum kr. úr sjóðnum í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

Kolviður

Skrifað var undir leigusamning um 185 hektara landsspildu undir Kolviðarskóg á Úlfjótuvatni. Merkja má aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum, sérstaklega eftir Parísarfundinn um loftslagsmál (COP21).

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs voru með venjubundnum hætti og þátttaka skóla álíka mikil og undanfarin ár, eða um hundrað skólar. Skógræktarfélag Íslands annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundir. Stjórn Yrkjusjóðs skipa: Sigurður Pálsson formaður, Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Laufey B. Hannesdóttir, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Edda S. Oddsdóttir, fulltrúi Skógræktarinnar, Fjóra Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn mun veita skógræktarfélögum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna. Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag Vestur-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

Skógræktarstarf Landsvirkjunar við Búrfell

Starfsmaður Skógræktarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Verið er að kortleggja árangur skógræktar undir Búrfelli og í framhaldi af því mun Íslensk skógarúttekt gera mælingar og útreikninga um kolefnisbindingu.



Höllin, eitt húsa Skógræktarfélagsins í Brynjudal, skreytt fyrir komu hópa, er koma að ná sér í jólatré.

ERLEND SAMSKIPTI

European Forest Network

Ragnhildur Freysteinsdóttir sótti fund samtakanna í Salzburg í Austurríki í september 2015 fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands. Gestgjafi fundarins var Austurríska skógræktarsambandið (*Österreichischer Forstverein*). Einnig sótti hún fund samtakanna í Vilnius í Litháen um mánaðamótin júní-júlí 2016. Gestgjafi fundarins var Skógræktarsamband Litháen (*Lietuvos Miškininkų Sąjunga*). Fundur ársins 2017 er fyrirhugaður í Regensburg í Þýskalandi, í boði Þýska skógræktarsambandsins (*Deutscher Forstverein*). Heimasíða samtakanna er: <http://www.forestrysocieties.eu/>.

Fræðsluferðir

Um 70 manns fóru í fræðsluferð til Póllands dagana 10. – 18. september 2015. Ferðin var skipulögð í samráði við Rafał Cieślak, skógfræðing hjá Pólska skógræktarfélaginu og var meðal annars heimsóttur hinn víðfrægi skógur í Białowieża. Fararstjórar voru Brynjólfur Jónsson, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands, og Kristján Baldursson, frá ferðaskrifstofunni Trex.

Farin verður fræðsluferð til Frakklands dagana 13. – 20. september. Ágætis þátttaka er í ferðinni, en rúmlega 40 manns eru skráðir í hana.

Stefnt er að fræðsluferð til Bresku-Kólumbíu á vesturströnd Kanada haustið 2017.



Í Białowieża skóginum í fræðsluferð félagsins til Póllands 2015.

ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands fæst við margvísleg verkefni. Eitt helsta verkefni starfsfólks félagsins er margháttað samstarf og samskipti við einstök aðildarfélög, en auk þess er algengt að almenningur leiti til félagsins um hvaðeina er lýtur að gróðri, trjám og skógrækt.

Fagrað skógræktar

Fagrað skógræktar var skipað árið 2013 og er ætlað að fjalla um áherslur og stefnumörkun í skógræktarrannsóknum, fara yfir og samþykkja verkefnaáætlun Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá til hvers árs, samræmingu skógræktarstarfsins, skipulag fræðflunar, stefnumörkun hvað varðar úrvinnslu skógarafurða og önnur mál sem ráðherra kann að fela fagraðinu. Fulltrúi Skógræktarfélags Íslands í ráðinu er Ragnhildur Freysteinsdóttir.

Sjálfbóðaliðar – European Volunteer Service

Skógræktarfélagið er nú orðið viðurkennt sem gestgjafi af European Volunteer Service, sem er hluti af Erasmus+ verkefni Evrópusambandsins. Félagið mun frá og með árinu 2015 taka á móti fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem munu vinna í fimm mánuði í skógum félagsins og aðildarféлага þess. Annar sjálfbóðaliðahópurinn innan þessa verkefnis kom nú í vor og eru sjálfbóðaliðarnir frá Austurríki, Ítalíu, Póllandi og Spáni.



Kynningarfundur sjálfbóðaliða á vegum European Volunteer Service, „lærimeistara“ (mentor) þeirra og starfsfólks Skógræktarfélags Íslands haldinn á Heiðmörk í maí.

Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Eskifjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefningu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Sótt var um fjármagn til gróðursetningar trjáplantna á Eskifirði og á Úlfljótuvatni og fékkst styrkur fyrir um 20.000 plöntum, sem settar verða niður í ár.

Umsagnir

Á stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands þann 17. febrúar sl. var fjallað um tillögu til þingsályktunar um Stofnun loftslagsráðs, 131. mál lagt fram á 145. löggjafarþingi. Skógræktarfélag Íslands fagnaði tillögunni, þar sem félagið taldi að með stofnun loftslagsráðs verði meiri líkur á að þjóðinni takist að leggja sinn mikilvæga skerf af mörkum til að sporna við aukinni breytingu á loftslagi jarðarinnar. Félagið lagði þó til að bæta Skógræktarfélagi Íslands á lista yfir þá sem geta tilnefnt fulltrúa í loftslagsráðið.



Tré ársins 2015. að Sandfelli í Öræfum.

ÞAKKIR

Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og félagasamtök, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega til telja Skógræktina, en starfsmenn þar hafa meðal annars skrifað góðar greinar fyrir Skógræktarritið, Landgræðslu ríkisins og skátahreyfinguna.

Stuðningsaðilar

Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa, eins og undanfarin ár, lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna Arion banka, Eimskip, Icelandair Group, Odda, Toyota á Íslandi og Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

**Reykjavík, ágúst 2016,
f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,**



Magnús Gunnarsson formaður

Skógræktarfélag Íslands
kt. 600269-3809
Ársreikningur 2015



Efnisyfirlit

	Bla.
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skuldir og eigið fé	7
Sjóðstreymi	8
Bundnir sjóðir	9
Skýringar 1-6	10
Skýringar 7	11
Skýringar 8-10	12
Skýringar 10-13	13
Skýringar 14-16	14
Skýringar 16-18	15
Skýringar 19-20	16

Skógræktarfélag Íslands
Pórunnartúni 6
105 Reykjavík

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsaskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabær, 9. mars 2016.


Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. mars 2016.

Framkvæmdastjóri:

Stjórn:

Magnús Gunnarsson
Sigurbjörgía Þorgeirsdóttir
Jóhanna
Sigríður H. Heiðmannsdóttir
Guðrún Þorgeirsdóttir
Laufey B. Hermannsdóttir
Sigríður Þ. Þórunn
Arminnur Þorgeirsson

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, félagskjórnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 9. mars 2016.

Skoðunarmenn:

Arni Þórólfsson
Heldi Kaldsæm

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur	5,12	18.529.602	20.359.634
70% framlag frá bundnum sjóðum	6	6.103.000	342.311
Sérgreind verkefni	7	8.420.937	8.345.422
Styrkur frá Ríkissjóði		7.100.000	6.100.000
Árgjöld		1.337.800	1.356.000
		<u>41.491.339</u>	<u>36.503.367</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	8	26.733.150	24.484.284
Annar rekstrarkostnaður	9	9.549.246	11.878.096
Afskriftir	2,10	1.506.612	1.125.796
		<u>37.789.008</u>	<u>37.488.176</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar		3.702.331	(984.809)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		152.103	305.406
Vaxtagjöld og verðbætur		(2.589.505)	(4.770.780)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(21.865)	(60.629)
		<u>(2.459.267)</u>	<u>(4.526.003)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	11	<u>1.243.064</u>	<u>(5.510.812)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr	2015	2014
Fastafjármunir	2,10		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		188.219.240	187.111.758
Bífléð og kerra		0	280.345
Áhöld og tæki		2.326.121	2.714.169
		<u>190.545.361</u>	<u>190.106.272</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum		100.000	100.000
		<u>100.000</u>	<u>100.000</u>
	Fastafjármunir	<u>190.645.361</u>	<u>190.206.272</u>
Veltufjármunir			
Skammtíma kröfur:			
Viðskiptakröfur	3	17.703.350	13.902.818
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	6	6.103.000	342.311
Handbært fé	4	3.995.921	4.170.210
	Veltufjármunir	<u>27.802.271</u>	<u>18.415.339</u>
Eignir samtals		<u>218.447.632</u>	<u>208.621.611</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2015

	Skýr	2015	2014
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	11	<u>145.948.845</u>	<u>108.048.092</u>
Eigið fé		<u>145.948.845</u>	<u>108.048.092</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	19	<u>34.792.188</u>	<u>66.468.750</u>
		<u>34.792.188</u>	<u>66.468.750</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		2.984.365	2.398.259
Viðskiptaskuldir		3.339.664	3.961.775
Ógreidd útborgun vegna Úlfjótswatns		18.750.000	18.750.000
Ógreiddir áfallnir vextir langtímalána		2.123.637	3.323.438
Ónýttur styrkur verkefna	13	1.742.676	0
Aðrar skammtímaskuldir		8.766.257	5.671.297
		<u>37.706.599</u>	<u>34.104.769</u>
Skuldir samtals		<u>72.498.787</u>	<u>100.573.519</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>218.447.632</u>	<u>208.621.611</u>

Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins	11	1.243.064	(5.510.812)
Rekstrariðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskrifaðar og niðurlagðar eignir	2,10	1.506.612	1.125.796
Tekjur frá bundnum sjóðum	6	(6.103.000)	(342.311)
Sölutap fastafjármuna		53.690	0
Hreint veltufé til rekstrar		<u>(3.299.634)</u>	<u>(4.727.327)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(9.561.221)	9.422.866
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		3.015.724	(1.092.352)
		<u>(6.545.497)</u>	<u>8.330.514</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(9.845.131)</u>	<u>3.603.187</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(3.799.391)	(9.023.181)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.800.000	0
		<u>(1.999.391)</u>	<u>(9.023.181)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
70% framlag frá bundnum sjóðum		6.103.000	342.311
Framlag frá bundnum sjóðum		36.657.689	0
Skammtímaskuldir, breyting		586.106	(412.968)
Afborgun lána	19	(31.676.562)	0
		<u>11.670.233</u>	<u>(70.657)</u>
Breyting á handbæru fé			
		(174.289)	(5.490.651)
Handbært fé í byrjun tímabils	4	4.170.210	9.660.861
Handbært fé í árslok	4	<u>3.995.921</u>	<u>4.170.210</u>

Rekstrarreikningur ársins 2015

Bundnir sjóðir

	Skýr.	2015	2014
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Hækkun verðbréfasafns		9.285.567	1.737.076
Fjármagnstekjuskattur vegna sjóða		(11.425)	(28.277)
Vaxtatekjur og verðbætur á bundna sjóði		58.456	141.664
Greiddur fjármagnstekjuskattur og áfallnar verðbætur		(262)	(172)
Fjármagnstekjuskattur af sóluhagnaði		(1.638.437)	(637.383)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	6	(6.103.000)	(342.311)
		<u>1.590.899</u>	<u>870.597</u>
Óreglulegir liðir:			
Framlag til Skógræktarfélags Íslands		(36.657.689)	0
Afkoma ársins		<u>(35.066.790)</u>	<u>870.597</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr	2015	2014
Fastafjármunir			
Sjóður Ólafi G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	14	22.192.763	33.603.638
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	15	10.857.278	16.439.776
Sjóður Ármanns Jónssonar	16	8.456.561	12.804.679
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	17	12.729.868	19.275.197
Fræðslusjóður	18	2.760.329	4.179.610
		<u>56.996.799</u>	<u>86.302.900</u>
Eignir samtals		<u>56.996.799</u>	<u>86.302.900</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2015

	Skýr	2015	2014
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		85.960.589	85.089.992
Afkoma ársins		(35.066.790)	870.597
Eigið fé		<u>50.893.799</u>	<u>85.960.589</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt framlag til Skógræktarfélag Íslands	6	6.103.000	342.311
		<u>6.103.000</u>	<u>342.311</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>56.996.799</u>	<u>86.302.900</u>

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Viðskiptakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 1,0 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er degin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

4. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

5. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:

	2015	2014
Gjafir og styrkir	1.113.592	2.421.909
Framlag frá Yrkjúsjóð vegna umsýðunar	1.100.000	1.100.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	3.500.000	3.500.000
Alcoa verkefni	3.268.564	0
Framlag vegna Kolefnissjóðs	650.000	650.000
Framlag vegna sjóðaumsýðunar	300.000	300.000
Húsaleigutekjur	839.316	785.520
Endurgreiddur kostnaður	580.129	580.390
Embla II	568.123	300.000
Hópfærðir	804.000	300.000
	<u>12.723.724</u>	<u>9.937.819</u>

6. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	2.497.257	139.526
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	1.221.723	69.587
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	951.581	53.166
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	1.432.438	80.033
	<u>6.103.000</u>	<u>342.311</u>
Fræðslusjóður	310.608	17.354
	<u>6.413.608</u>	<u>359.666</u>
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi ...	6.103.000	342.311
70% raunávöxtun til styrktar náms- og rannsóknarstarfi	310.608	17.354
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	2.748.689	154.142
Breyting verðbóta á árinu hækkun	183.246	1.223.268
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	<u>9.345.543</u>	<u>1.737.076</u>

Skýringar frh:

7. Sérgreind verkefni

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig:	2015	2014
Útgáfustarfsemi:		
Ársrit, bækur og smárit	12.761.365	9.304.033
Styrktarlínur	2.294.000	2.518.500
Auglýsingar	2.687.000	1.898.000
Launakostnaður	(4.000.000)	(3.000.000)
Annar kostnaður við útgáfu	(8.831.059)	(7.902.788)
	<u>4.911.306</u>	<u>2.817.745</u>
Tré ársins:		
Styrkir	555.000	500.000
Annar kostnaður	(79.896)	(212.668)
	<u>475.104</u>	<u>287.332</u>
Úlfjótswatn:		
Tekjur og styrkir	2.681.625	3.262.717
Launakostnaður	(1.900.000)	0
Húsnæðiskostnaður	(1.511.311)	(1.323.548)
Annar rekstrarkostnaður	(279.686)	(1.055.156)
	<u>(1.009.372)</u>	<u>884.013</u>
Opinn skógur:		
Styrkir	1.752.927	3.800.000
Launakostnaður	(500.000)	(1.500.000)
Keyptar vörur og þjónusta	(1.246.384)	(494.699)
Annar rekstrarkostnaður	(12.350)	(144.690)
	<u>(5.807)</u>	<u>1.660.611</u>
Brynjudalur:		
Sala	5.610.317	2.381.208
Aðrar tekjur	239.956	482.007
Styrkir	3.075.000	4.000.000
Launakostnaður	(2.500.000)	(2.000.000)
Annar rekstrarkostnaður	(2.288.966)	(1.913.847)
	<u>4.136.307</u>	<u>2.949.368</u>
Vínaskógur:		
Styrkir	415.000	0
Annar rekstrarkostnaður	(401.601)	(153.647)
Launakostnaður	(100.000)	(100.000)
	<u>(86.601)</u>	<u>(253.647)</u>
Sérgreind verkefni samtals	<u>8.420.937</u>	<u>8.345.422</u>

Skýringar frh:

8. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun	32.597.671	26.913.867
Ókutækjastyrkur	1.753.244	1.675.968
Lífeyrisjóstframlag	4.134.102	3.404.248
Tryggingagjald	2.882.529	2.428.354
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	37.696	(590.054)
Önnur launatengd gjöld	827.908	751.901
Laun færð á sérgreind verkefni	(15.500.000)	(10.100.000)
	<u>26.733.150</u>	<u>24.484.284</u>

9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Húsnæðiskostnaður	1.463.281	1.344.313
Skrifstofukostnaður	79.243	45.268
Sími og burðargjöld	661.723	592.063
Bankakostnaður vegna innheimtu o.fl.	60.828	81.858
Gjafir, styrkir og risna	112.895	0
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	132.722	93.217
Fundakostnaður	2.677.429	1.998.555
Ferðakostnaður	0	323.443
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda	222.441	120.490
Rekstur bifreiða	2.214.867	3.729.971
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	665.614	1.507.757
Rekstur tölvukerfis	739.779	1.265.245
Afskrifaðar kröfur	0	100.206
Félags og aðildargjöld	96.580	27.800
Kostnaður vegna Esjuhlíða	17.502	103.456
Oplög húsa	19.650	160.739
Annar kostnaður	331.002	383.715
Sölutap fastafjármuna	53.690	0
	<u>9.549.246</u>	<u>11.878.096</u>

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið og kerra	Áhöld og tæki	Samtals
Flutt frá fyrra ári	192.578.688	2.803.447	12.896.066	208.278.201
Viðbót á árinu	2.226.046	0	0	2.226.046
Selt á árinu	0	(2.803.447)	0	(2.803.447)
	<u>194.804.734</u>	<u>0</u>	<u>12.896.066</u>	<u>207.700.800</u>
Afskrifað frá fyrra ári	5.466.930	2.523.102	10.181.897	18.171.929
Fært út vegna sölu	0	(2.523.102)	0	(2.523.102)
Afskrift ársins	1.118.564	0	388.048	1.506.612
	<u>6.585.494</u>	<u>0</u>	<u>10.569.945</u>	<u>17.155.439</u>
Bókfært verð 31.12.	<u>188.219.240</u>	<u>0</u>	<u>2.326.121</u>	<u>190.545.361</u>
Afskriftarhlutföll	2%	15%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	

Skýringar frh:

10. Veranlegir rekstrarfjármunir, frh:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Þórunnartún 6, Reykjavík	10.499.458	33.000.000	46.000.000
Saurar, jörð og ræktað land	236.680	762.000	0
Saurar, vélageymsla og votheysturn	241.560	189.000	2.810.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi	2.757.000	4.800.000	0
Saurar, einbýli	1.080.310	5.250.000	19.150.000
Brynjudalur	7.990.760	0	0
Sandey - Þingvallasveit	14.578	0	0
Kvjar í Jökulfjörðum	57.474	0	0
Úlfjótuvatn í Grímsnes- og Grafingshreppi	163.182.155	0	0
	<u>186.059.975</u>	<u>11.001.000</u>	<u>21.960.000</u>

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðarár og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tækjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.	108.048.092
Afkoma ársins	1.243.064
Framlag frá bundnum sjóðum	36.657.689
Eigið fé 31.12.	<u>145.948.845</u>

12. Landgræðsluskógar

	2015	2014
Ónýttur styrkur 1.1.	0	2.879.717
Styrkur frá ríkissjóði	35.000.000	35.000.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	(3.500.000)	(3.500.000)
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(3.500.000)	(3.500.000)
Plöntukaup	(21.810.882)	(19.687.228)
Annar kostnaður	(383.240)	(770.674)
Úttekt og grísjun	(5.805.878)	(10.421.815)
Ónýttur styrkur 31.12.	<u>0</u>	<u>0</u>

13. Sjálfboðaliðar:

Styrkir og aðrar tekjur	8.528.700	0
Launakostnaður	(3.000.000)	0
Fæði og gisting	(2.458.879)	0
Bifreiðakostnaður	(684.814)	0
Annar rekstrarkostnaður	(642.331)	0
Ónýttur styrkur 31.12.	<u>1.742.676</u>	<u>0</u>

Skýringar frh:

14. Bundnir sjóðir

Sjóður Ólafu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:	2015	2014
Staða 1.1.	33.603.638	35.668.961
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(11.410.875)	(2.065.323)
Staða 31.12.	<u>22.192.763</u>	<u>33.603.638</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2015 hefur verið reiknuð og er hún kr. 3.567.511.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2015 er því kr. 2.497.257.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysliverðs á árinu 2015.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfjótuvatn í Grímanes- og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 97,6 millj. kr. í árslok 2015.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>22.192.763</u>	<u>33.603.638</u>
---------------------	-------------------	-------------------

15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:

Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:	2015	2014
Staða 1.1.	16.439.776	17.747.446
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(5.582.498)	(1.306.979)
Staða 31.12.	<u>10.857.278</u>	<u>16.440.467</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2015 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.745.319.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2015 er því kr 1.221.723.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysliverðs á árinu 2015.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>10.857.278</u>	<u>16.440.467</u>
	<u>10.857.278</u>	<u>16.440.467</u>

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:	2015	2014
Staða 1.1.	12.804.679	13.591.671
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	(4.348.118)	(786.992)
Staða 31.12.	<u>8.456.561</u>	<u>12.804.679</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2015 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.359.401.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2015 er því kr. 951.581.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysliverðs á árinu 2015.

Skýringar frh:

16. Sjóður Ármanna G. Jónssonar, frh.:

Yfirlit um sjóð Ármanna G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármöggnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 20.6 millj. kr. í árslok 2015.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>8.456.561</u>	<u>12.804.679</u>
---------------------	------------------	-------------------

17. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

	2015	2014
Staða 1.1,	19.275.197	20.459.876
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	<u>(6.545.329)</u>	<u>(1.184.679)</u>
Staða 31.12.	<u>12.729.868</u>	<u>19.275.197</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á landi. Raunávöxtun ársins 2015 hefur verið reiknuð og er hún kr. 2.046.340.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2015 er því kr. 1.432.438.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neyraluverðs á árinu 2015.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>12.729.868</u>	<u>19.275.197</u>
---------------------	-------------------	-------------------

18. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:

	2015	2014
Staða 1.1,	4.179.610	4.436.494
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	<u>(1.419.281)</u>	<u>(256.884)</u>
Staða 31.12.	<u>2.760.329</u>	<u>4.179.610</u>

Fræðslusjóður var stofnaður 25.ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>2.760.329</u>	<u>4.179.610</u>
---------------------	------------------	------------------

Skýringar frh:

19. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótavatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013. Á árinu 2015 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á langtímaskuldum félagsins. Framlag nam 35 m.kr. sem var nýtt til innborgunar á höfuðstól samtals að fjárhæð 31.6 m.kr. og til greiðslu áfallinna vaxta samtals að fjárhæð 3.3 m.kr.

Yfirlit um langtímaskuldir:

2015

Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði 1.1.2015	66,468.750
Afborgun ársins	(31,676.562)
Langtímaskuldir samtals	<u>34,792.188</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun	1,656.771
Árið 2017	1,656.771
Árið 2018	1,656.771
Síðar	<u>29,821.875</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>34,792.188</u>

20. Lykiltölur:

2015

2014

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	0,74	0,54
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir	0,87	0,52

A close-up photograph of a tree trunk, showing the intricate texture of the bark. The bark is light brown and grey, with numerous small, dark, oval-shaped lenticels scattered across its surface. The texture is rough and fibrous, with some areas appearing more weathered than others. The lighting is natural, highlighting the various shades and textures of the bark.

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is